

Fimmti fundur Delta deildar starfsárið 2008-2009, haldinn í Búðardal þann 28. apríl kl 18.00

Við Skagakonur lögðum af stað, fjórar saman í bíl um kl 16.30. Það var strekkings vindur við Berjadalsána og undir Hafnarfjalli. Og þar voru umferðartafir. Stór bíll með aftanívagn hafði farið á hliðan í rokinu. En við létum það ekki stoppa okkur, heldur fórum hjáleið utan vegar (Soffía lokaði augunum) og komumst klakklaust leiðar okkar.

1. Í upphafi dagskrár var safnast saman í Grunnskólanum í Búðardal og Þrúður Kristjánsdóttir fyrrverandi skólastjóri Grunnskólans tók á móti okkur. Þar skoðuðum við *Sýningu á konsertkjólum og myndum Þrúðar Kristjánsdóttur*. Á nýafstaðinni Jörvagleði Dalamanna voru munirnir til sýnis og fengum við að njóta þess. Þetta voru einstaklega fallegir kjólar, 13 talsins og ótrúlegt að Þrúður hafi tíma til sauma jafnhliða sínum langa vinnudegi. Og málverkin komu okkur verulaga á óvart.
 2. Að því loknu var haldið í Leifsbúð og formaðurinn okkar Ingibjörg Adda setti fundinn og flutti kveðjur frá fjarstöddum félögum. Inga Stefánsdóttir kveikti á kertunum og ritari las fundargerð síðasta fundar.
 3. Þessi vorfundur var aðalfundur og var Jónína skipuð fundarstjóri. Jónína sagðist aldrei fyrr hafa gengt þessu embætti og fannst þetta gott tækifæri til að bæta þeirri reynslu í reynslubrunn sinn.
- 3.1. Skýrsla formanns: Mjög góð fundarsókn hefur verið í vetur, oft um 18 félagskonur á fundi, en við erum nú 26 félagskonur. Ingibjörg Adda rifjaði upp starfið í vetur og dagskrá funda. Nefndi m.a. fundinn í Fræslðumiðstöð atvinnulífsins og hve góð öll aðstaða hefði verið þar – og gott starf unnið. Orð til umhugsunar hefur fært okkur saman, þau hafa verið persónuleg og skemmtileg. Formaðurinn sagði það ljúft

samstarfsverkefni að vera formaður. Stjórnarfundir voru fjórir á starfsárinu, yfirleitt fyrir hvern fund og er fundargerð færð í bók.

3.2. Skýrsla gjaldkera: Elísabet flutti reikninga í fjarveru Jensínu gjaldkera.

Endurskoðendur reikninga þær Brynja og Guðlaug höfðu lagt blessun sína yfir þá. Öll fylgiskjöl eru til staðar í möppu gjaldkera – og þið megið hringja í Jennu, hún er við símann, sagði Elsa. Þess gerðist náttúrulega ekki þörf, fundurinn samþykkti reikningana samhljóða. Umræður voru um reikningana og þá hve mikið færi til Landssambandsins af félagsgjöldum. Í raun eru einu tekjurnar okkar innkoma af happdrætti. Jónína sagði að landssambandið væri tregt til að styrkja deildir út á landi við t.d. að fá fyrirlesara. Inga Stefánsdóttir: Lagði til að deildin færi í fjáröflun, efna t.d. til ráðstefnu, fá góða fyrirlesara. Ráðstefnugjöld gætu gefið eitthvað í aðra hönd. Jónína: Nefndi það sjónamið að ekki nenna allar konur að standa í fjáröflun. Vildu frekar borga sjálfar. En sagði þetta gott innleg fyrir næsta vetur.

3.3. Uppstillinganefnd. Formaður sagði að stjórn hefði ákveðið að skipa

Uppstillinganefnd sem hefur það hlutverk að finna nýja stjórn. Formaður bar upp nöfn Sigurveigar, Brynju og Soffíu. Fundurinn samþykkti tillöguna, þó tvær séu fjarstaddar. Einungis Soffía var á fundinum.

3.4. Þankahríð um næsta vetur, í sjö liðum: 1. Heydalur, hitta

Vestfjarðarkonur og eiga með þeim sameiginlegan fund næsta haust eða vor. 2. Kristín Thorlacius er á leið til Jemen og er til í að segja okkur frá ferðinni næsta vetur. 3. Sjálfboðastarf. Kynna okkur slíka hugmyndafræði og starf. 4. Inga Stefánsdóttir. Sjálfskoðun, hverjar erum við ? 5. Jónína: Mæðrahlutverkið, formæður okkar, hvernig við berum okkar hlutverk til komandi kynslóðar. 6. Kynjafræði, en Sigurveig nemur slík fræði í vetur. 7. Fá Guðrúnu Bergmann á fund og m.a. kynna nýja bók sem hún er að gefa út um þessar mundir.

Hér var gert hlé á fundi og matur á borð borinn. Fiskisúpa, salat og brauð, sem við gerðum góð skil. Og ekki má gleyma að í upphafi fundar bauð Þrúður upp á kaffi og marmaraköku.

4. Fundi framhaldið og næst á dagskrá var *Orð til umhugsunar* / Þrúður Kristjánsdóttir. Hún ræddi um skólamál í Dalabyggð en þar eru miklar breytingar fyrirhugaðar og hafa verið framkvæmdar, án samvinnu við heimafólk. Í stjórnsýslunni heyra skólamál undir stjórn sveitarstjórna og það virðist ekki vera nein lög sem aftra sveitarstjórnnum að fara í miklar skipulagsbreytingar. Enginn eftirlitsaðili eins og Fræðsluskrifstofan var í gamla daga, þegar málaflökkurinn heyrði undir ríkið.

Fundarkonur áttu langt spjall um skólamál og lífið í litlu samfélagi.

Heimavaldið er hjá sveitarstjórnnum og foreldrafélögum.

5. Happdrættið var á sínum stað, en dregið var nokkrum sinnum úr pottinum, við vorum bara 11 á fundinum, áður en vinningurinn gekk út. Elsa var sú heppna í þetta sinnið. Fundið slitið kl. 21.25 og Leifsbúð skoðuð eftir fundarslit. Þar er landnámssýning og sögusýning.

Fundarritari Halldóra Jónsdóttir